

Aðalstjórn Völsungs

dagsetning: 12.3.2020

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Davíð Þórólfsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Björgvin Sigurðsson, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Eva Björk Káradóttir, Lilja Friðriksdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Ársþingi HSP fresta

Ársþingi HSP hefur verið frestað vegna óvissu í kringum Covid-19. Stefnt er á að þingið verði haldið 9. eða 10. maí.

Kynnt.

2. Jafnréttisverðlaun frá KSÍ

Á 74. ársþingi KSÍ hlaut Völsungur jafnréttisverðlaun sambandsins. Í umsöng um verðlaunin kom eftirfarandi fram:

Íþróttafélagið Völsungur hefur mörg undanfarin ár unnið framúrskarandi uppeldisstarf í yngri flokkum félagsins, bæði hjá stúlkum og drengjum, svo eftir er tekið. Sérstaklega hefur mikil aukning iðkenda verið hlutfallslega hjá stúlkum.

Tæplega 200 iðkendur eru hjá yngri flokkum Völsungs og er kynjahlutfallið nánast jafnt og sendir félagið lið til keppni í Íslandsmóti hjá báðum kynjum í öllum yngri flokkum, frá 3. flokki niður í 8. flokk. Á grunni þessa öfluga yngri flokka starfs eru meistaraflokkar Völsungs að langmestu leiti byggðir upp á heimaleikmönnum. Kvinnaliðið vann 2. deildina síðasta sumar og karlaliðið er öflugt 2. deildarlið.

Völsungur er gott dæmi um félag þar sem áhersla á öflugt yngri flokka starf, jafnrétti og sjálfbærni í starfseminni er grunnurinn að innviðaupbyggingu til framtíðar og er fyrirmynd fyrir aðra.

Aðalstjórn er þakklát fyrir verðlaunin.

3. Fundargerð knattspyrnunefndar frá 10.3.2020

Fundargerð knattspyrnunefndar frá 10.3.2020.

Lögð fram.

4. Covid 19

Íþróttafélagið mun fara eftir leiðbeiningum ÍSí og Norðurlþings þegar viðkemur Covid 19 veirunni.

Fundi slitið: 17:10